



Reykjavíkurborg
Skipulagsfulltrúi

Byggingarfulltrúi
Borgartúni 12-14
105 Reykjavík

BYGGINGARFULLTRÚI		
Móti:	Ábri	Ábri
GOH	Adm	
Dags:		
15/2'22	60324	
Skjalafi.	Hesthals 14	

Reykjavík 15.02.2022

Hér með sendist útskrift úr gerðabók skipulagsfulltrúa 11. febrúar 2022 varðandi eftirfarandi mál.

Hesthals 14

Á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 17. desember 2021 var lagt fram erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 14. desember 2021 þar sem sótt er um leyfi fyrir uppsetningu auglýsingaskiltis á steyptri undirstöðu á borgarlandi vestanmegin Lönguhlíðar, sunnan við gatnamót að Bólstaðarhlíð. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.

Umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022 samþykkt.

F.h. skipulagsfulltrúa

Þuríður Guðmundsdóttir
Þuríður Guðmundsdóttir

Fylgiskjal: umsögn skipulagsfulltrúa dags. 11. febrúar 2022.

USK Skipulag

Frá: Þuríður Höskuldsdóttir [REDACTED]
Sent: Þriðjudagur, 10. maí 2022 16:59
Til: USK Skipulag
Efni: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flagggað

Góðan dag

Sem íbúi í Lönguhlíð 17 lýsi ég mig mjög andsnúna fyrirhuguðu auglýsingaskilti við Lönguhlíð. Hér er um mjög mikla ljósmengun að ræða og sérstaklega þar sem bakgrunnur skiltisins er almenningsgarður með lítilli lýsingu og því mun meiri truflun af skiltinu en ef bakgrunnurinn væri meira upplýstur.

Mér finnst einnig að staðsetning skiltisins sé mjög ósmekklek, hér er engin önnur verslunarstarfsemi heldur er skiltið staðsett í jaðri garðs þar sem fjölskyldufólk fer til að eiga góða stund en ekki til að verða fyrir áreiti af auglýsingastarfsemi.

Virðingarfyllt
Þuríður Höskuldsdóttir
Íbúi í Lönguhlíð 17

Sent from my iPad

USK Skipulag

Frá: Gudrun Island Tours [REDACTED]
Sent: fimmtudagur, 12. maí 2022 13:35
Til: USK Skipulag
Efni: v/ tillögu um uppsetningu auglýsingaskiltis á Lönguhlíð

Góðan dag

Í framhaldi af bréfi dagsettu 4.5.2022 frá Skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, sem barst íbúum í Lönguhlíð 7,9,11,13,15 og 17

vegna tillögu um uppsetningu auglýsingaskiltis vestanmegin Lönguhlíðar og sunnar við gatnamót Bólstaðarhlíðar, þá vil ég undirrituð, eigandi íbúðar í Lönguhlíð 11, 2.hæð, leggja fram afgerandi andstöðu við fyrirhugaða framkvæmd.

Sjónræn mengun yrði afgerandi úr gluggum hjá mér.

Klambratún er útivistarsvæði með fallegum gróðri og auglýsingaskilti við inngang í garðinn er í hróplegri andstöðu við allt umhverfið og þá fúnksjón sem garðar í borg hafa.

Einnig er vert að benda á að íbúar í húsinu hafa þegar orðið fyrir mikilli truflun frá gangbrautarljósum sem sett voru upp á sama svæði og um ræðir hér fyrir skemmstu þar sem tikkið í þeim hefur verið alltof hátt stillt og í gangi stundum allan sólarhringinn, sem hefur orsakað að ekki var hægt að sofa með opinn glugga. Fjöldmargir póstar hafa verið sendir til lagfæringar á þessu sem nú er í þolanlegu lagi.

Enn meira rask á þessum reit og með enn meiri truflun verður mótmælt. Eitt eru gönguljós sem eru nytsamleg en auglýsingaskilti hefur hvorki tilgang né notagildi fyrir íbúana.

Virðingarfyllt

Guðrún Sigríður Sigurðardóttir

[REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Gudrun Island Tours [REDACTED]
Sent: föstudagur, 13. maí 2022 08:55
Til: USK Skipulag
Efni: V/ tillögu um uppsetningu auglýsingaskiltis við Lönguhlíð

Til Skipulagsfulltrúa / Björns Inga Edvardssonar

Aðalfundur Húsfélagsins í Lönguhlíð 7, 9 og 11, haldinn 12.5.2022, tók til umfjöllunar bréf dagsett 4.5.2022 frá Skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar, sem barst íbúum í Lönguhlíð 7,9,11,13,15 og 17 vegna tillögu um uppsetningu auglýsingaskiltis vestanmegin Lönguhlíðar og sunnan við gatnamót Bólstaðarhlíðar. Aðalfundurinn leggur með þessum pósti fram afgerandi andstöðu við fyrirhugaða framkvæmd.

Klambratún er útivistarsvæði með fallegum gróðri og auglýsingaskilti við inngang í garðinn er í hróplegri andstöðu við allt umhverfið og þann tilgang sem garðar í borg hafa. Sjónræn mengun yrði auk þess afgerand úr gluggum allra íbúa hússins.

Íbúar minna einnig á að þeir hafa þegar orðið fyrir mikilli truflun frá gangbrautarljósum sem sett voru upp á sama svæði og um ræðir fyrir skemmstu þar sem pípið í þeim hefur verið alltof hátt stillt og í gangi stundum allan sólarhringinn, sem hefur orsakað að ekki var hægt að sofa með opinn glugga. Fjöldmargir póstar hafa verið sendir til lagfæringar á þessu sem nú er í þolanlegu lagi.

Enn meira rask á þessum reit og með enn meiri truflun verður mótmælt. Eitt eru gönguljós sem eru nytsamleg en auglýsingaskilti hafa hvorki tilgang né notagildi fyrir íbúa hússins né aðra bæjarbúa.

Fyrir hönd Húsfélagsins Lönguhlíð 7, 9, 11
Guðrún Sigurðardóttir

USK Skipulag

Frá: Bjorn H Bjornsson [REDACTED]
Sent: sunnudagur, 15. maí 2022 10:17
Til: USK Skipulag
Efni: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð

Góðan dag,

Við erum á mótum því að sett verði upp nýtt auglýsingaskilti við Lönguhlíð. Það er eitt á strætóskýli í sömu götu og er það nóg. Nýtt skilti yrði sjónmengun fyrir íbúa við Lönguhlíð og þá sem ganga inn í garðinn.

Björn Hrannar Björnsson
Karin Schmitz

Íbúar í Lönguhlíð 7

USK Skipulag

Frá: Ásdís Auðunsdóttir - MR [REDACTED]
Sent: föstudagur, 27. maí 2022 14:16
Til: USK Skipulag
Efni: Auglýsingaskiti við Lönguhlíð

Hér með er fyrirhuguðu auglýsingaskilti við Lönguhlíð/Bólstaðarhlíð mótmælt. Ólíðandi og ástæðulaust að koma slíku skilti fyrir í miðju íbúðahverfi og við grænt svæði.

Ásdís Auðunsdóttir
[REDACTED]

Sækja [Outlook fyrir Android](#)

USK Skipulag

Frá: Pórey Sigþórsdóttir [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 01:04
Til: USK Skipulag
Efni: mótmæli vegna fyrirhugaðs auglýsingaskilti við Klambratún

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flagggað

Góðan dag

Ég undirrituð, Pórey Sigþórsdóttir kt. [REDACTED], íbúi Hlíðahverfis, Stigahlíð 2, 105, vil koma á framfæri mótmælum vegna fyrirhugaðs auglýsingaskiltis austan megin við Klambratún.

Þetta er einstaklega ósmekklegr hugmynd og algjörlega út í hött í námunda við útivistarsvæðið Klambratún og stemmningu þá sem hefur verið reynt að skapa þar.

Þetta skilti á ekki heima í þessu umhverfi og mun skiltið muni verða til ama og óþæginda, og skerða upplifun af Klambratúni.

Bestu kveðjur/Best wishes
Pórey

Pórey Sigþórsdóttir
leikari, leikstjóri og raddþjálfari

[REDACTED]
[REDACTED]

Reykjavíkurborg
Umhverfis- og skipulagssvið
Skipulagsfulltrúi

Samrit sent oddvitum borgarstjórnarflokka

Reykjavík 3. júní 2022

Umsögn um „Auglýsingaskilti við Lönguhlíð“

Með vísan í bréf skipulagsfulltrúa Reykjavíkurborgar dagsett 4. maí 2022, þar sem óskað var eftir umsögn um umsókn um uppsetningu auglýsingaskiltis við Lönguhlíð. Í bréfinu er vísað í gögn á vef Skipulagsráðs, þar á meðal pdf skjal með mynd af staðsetningu auglýsingaskiltisins.

Við erum hugsi yfir leiðandi hlutverki Reykjavíkurborgar í auglýsingavæðingu almennarýmisins og veltum fyrir okkur hvað ráði þeirri för. Reykjavíkurborg er þannig orðinn snar þátttakandi á auglýsingamarkaði, í samkeppni við aðra auglýsingamiðla.

Við gerum verulegar athugasemdir við að framkvæmdin er einungis kynnt íbúum húsa sem næst liggja, en engin tilraun til að fá álit þeirra þúsunda unnenda og notenda túnsins, sem munu neydd til auglýsinganeyslu. Í gögnum kemur hvorki fram hver sækir um uppsetningu, né má finna rökstuðning um þörfina fyrir slíku skilti. Þá er heldur engin mynd af afstöðu skiltisins, hvernig það muni koma til með að snúa, né gerð tilraun til að sýna hvernig það muni líta út í umhverfinu. Grenndarkynningin er með öllu ófullnægjandi og ætti að vísa umsókninni frá.

Í umsókninni kemur fram að auglýsingaskiltið sé 2 metrar og 36 cm hátt, á steinsteyptri undirstöðu sem sé 30 cm há. Það sé með innbyggðum LED skjá og ljósmagni sé stýrt á rafrænan máta í samræmi við ljósmagn í umhverfinu hverju sinni. Ekki er tilgreint hversu mikil ljósmengun verður frá skiltinu. Eðli auglýsingaskilta er að fanga athygli fólks, ekki að falla inn í umhverfið. Því má gera ráð fyrir verulegri ljósmengun og sjónmengun af auglýsingaskiltinu.

Um 100 metrar eru frá fyrirhugaðri staðsetningu í báðar áttir að næstu strætisvagnabiðskýlum, hvar eru auglýsingaskilti. Þetta væri því þriðja auglýsingaskiltið á um 200 metra kafla við austurhlíð Klambatúns. Með sömu þéttingu auglýsingaskilta væri sett fordæmi um að setja mætti upp þrettán auglýsingaskilti hringinn í kringum Klambatún.

Nú stendur yfir vinna við hverfisskipulag Háteigshverfis, hvar í Klambatún er. Umræða um auglýsingavæðingu túnsins á heima þar. Það er ekkert sem mælir með því, og í raun vanvirðing við þá vinnu, að lauma auglýsingaskiltinu fram hjá þeirri vinnu.

Vegagerðin hefur lagst gegn því að sett verði við stafræn skilti sem beint sé að umferð vegna umferðaröryggissjónarmiða. „Stafrænt auglýsingaskilti sé enn meira til þess fallið en flettiskilti að fanga athygli ökumanna. Slíkt kunni að draga úr umferðaröryggi“ (úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála 142/2021). Fjöldi erlendra rannsóknna eru sammála um að auglýsingaskilti sem beint sé að ökumönnum ógni beinlínis umferðaröryggi. Þá má benda á að á bak við fyrirhugað auglýsingaskilti er nýlegur sparkvöllur og ekki aðeins myndi auglýsingaskilti trufla íþróttaiðkun barna, heldur gæti það ógnað öryggi verulega, færi svo að bolta yrði sparkað af vellinum austur yfir Lönguhlíð. Eftir ítrekuð slys á börnum á leið yfir Lönguhlíð voru sett gönguljós yfirgötuna á mótis við Bólstaðarhlíð, enda er þar ein aðal gönguleið inn á Klambatún að austanverðu, meðal annars frá tveimur barnaskólum. Líklegt má telja að uppsetning upplýsts auglýsingaskiltis gæti dregið verulega úr því öryggi sem gönguljósinn hafa skapað.

Íbúðahúsin Lönguhlíð 7 -11 annars vegar, og 13-17 hins vegar, njóta sérstakrar hverfisverndar til að vernda sérkenni byggðarinnar samkvæmt drögum að hverfisskipulagi á vef Reykjavíkurborgar. Það gengur því gegn heildarásýnd og staðaranda götunnar að setja auglýsingaljósaskilti fyrir framan húsin.

Af upplýstu auglýsingaskiltinu yrði veruleg sjónmengun. Verulegt verðmæti er af óskertu útsýni úr gluggum íbúða Lönguhlíðar yfir græn svæði Klambatúns. Lífsgæði íbúa yrði skert til muna ef þeim yrði gert að horfa á auglýsingar í hvert sinn er þeim væri litið út um glugga.

Ekki verður annað séð en fyrirhugað skilti gangi beinlínis þvert gegn markmiðum Samþykktar um skilti í Reykjavík frá 11. maí 2020, en þar segir í 1.2.:

„Markmið þessarar samþykktar er:

1. Að skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar.
2. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.“

Þá segir jafnframt í kafla 1.3. „að í íbúðarbyggð skulu ekki vera upplýsinga- eða auglýsingaskilti sem hafi truflandi áhrif svo sem vegna stærðar, ljóma eða ásýndar.“

Samkvæmt kafla 4.2.7. eru stafræn skilti (þjónustuskilti og auglýsingaskilti) óheimil á íbúðarsvæðum. Klambatún er einn helsti borgargarður Reykjavíkur samkvæmt Hverfisskipulagsuppdráttar (3.1. Háteigshverfi) hluti Háteigshverfis sé tæknilega ekki íbúðarsvæði, er útsýni úr íbúðum órjúfanlegur þáttur þeirra og því gengi það gegn anda samþykktarinnar að setja upplýst auglýsingaskilti fyrir framan glugga íbúðarhúsnæðis.

Í kafla 3.4. Samþykktar um skilti í Reykjavík segir: „Fjöldi skilta skal haldið í lágmarki í götummynd Reykjavíkur, leggja skal sérstaka áherslu að fjöldi skilta valdi ekki óreglu og ringulreið í sjónlínu gatna.“ Ekki er hægt að sjá að þrjú skilti á um 200 metra löngum kafla samræmist því markmiði samþykktanna að halda fjölda skilta í lágmarki.

Ljóst er af ofangreindu að skiltið muni verða til mikilla ama og óþæginda og skerða mjög upplifun íbúa og gesta Klambatúns. Engin rök hníga að auglýsingavæðingu nærsamfélagsins, rótgróins íbúðahverfis og helsta útivistarsvæðis borgarinnar.

Við undirrituð höfnum því að vera neydd til neyslu auglýsinga í hvert sinn er okkur er litið út um glugga heimilis okkar og leggjumst því eindregið og af fullum þunga gegn tillögu um uppsetningu enn eins auglýsingaskiltis við Lönguhlíð. Til vara leggjum við til að ákvörðun um frekari auglýsingavæðingu Klambatúns verði frestað og málið tekið fyrir á réttum vettvangi, í vinnu við hverfisskipulag Háteigshverfis. Engar knýjandi ástæður kalla á ákvörðun núna.

Við áskiljum okkur rétt til að bæta við athugasemdum á síðari stigum.

Virðingarfyllt,

Breki Karlsson og Steinunn Þórhallsdóttir, íbúar Lönguhlíðar 13.

Tilvísanir:

Samþykkt um skilti í Reykjavík:

https://reykjavik.is/sites/default/files/samthykkt_um_skilti_mai_2020_pdf.pdf

Hverfisskipulag Háteigshverfis:

https://skipulag.reykjavik.is/hverfisskipulag/hlidar/wp-content/uploads/2021/11/3_1_Hateigshverfi.pdf

Úrskurður úrskurðanefndar umhverfis og auðlindamála nr. 142/2021:

<https://uua.is/urleits/142-2021-breidholtsbraut-auglysingaskilti/>

Hverfisskipulag Reykjavíkur: https://skipulag.reykjavik.is/hverfisskipulag/hlidar/wp-content/uploads/2021/11/3_1_Hateigshverfi.pdf

USK Skipulag

Frá: Sigríður Víðis Jónsdóttir [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 23:28
Til: USK Skipulag
Efni: Umsögn vegna fyrirhugaðs auglýsingaskiltis við Klambratún

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggð

Sæl verið þið,

Við undirrituð, Sigríður Víðis Jónsdóttir og Leó Alexander Guðmundsson, íbúar í Hlíðunum og stórnotendur Klambratúns gerum hér með formlegar athugasemdir vegna fyrirhugaðs auglýsingaskiltis austan við Klambratún.

Hugmyndin er tímaskökkja og gengur þvert gegn stefnu borgarinnar um græn svæði og aðlaðandi almannarými sem dregur fólk að sér. Klambratún hefur þróast á frábæran hátt síðastliðin ár - meðal annars vegna markvissra aðgerða borgarinnar - og er í dag lifandi og stórskemmtilegur staður. Auglýsingavæðing þessarar perlu yrði óheillaspor.

Við göngum daglega um túnið og leikum þar mikið með börnin og teljum okkur eiga augljósra hagsmuna að gæta.

Bestu kveðjur,

Sigríður V. Jónsdóttir, kt [REDACTED]
Leó Alexander Guðmundsson, [REDACTED]
Barmahlíð 26, 105 Reykjavík

USK Skipulag

Frá: Kristín Una Sigurðardóttir [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 16:00
Til: USK Skipulag
Efni: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð - Umsögn íbúa

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Ég undirrituð, Kristín Una Sigurðardóttir, íbúi Hlíðahverfis, Barmahlíð 18, 105, vil koma á framfæri mótmælum vegna fyrirhugaðs auglýsingaskiltis við Lönguhlíð, austan megin Klambratúns. Þessi tillaga er til þess fallin að valda íbúum, vegfarendum og notendum Klambratúns ama og óþægindum með ljósmengun, truflun í sjónlínu og með því að upphefja og hvetja til neyslu með auglýsingum, á svæði sem er ætlað íbúum til útivistar, heilsueflingar og yndisauka. Það er bagalegt að ætla að þröngva inn upplýstu LED-auglýsingaskilti, sem er til þess fallið að hvetja til neyslu og trufla daglegt líf og frítíma íbúa, í námunda við útivistarsvæðið Klambratún og er algjörlega á skjön við þá stemningu sem hefur skapast þar. Þetta skilti á ekki heima í þessu umhverfi og mun skiltið verða til ama og óþæginda, og skerða upplifun af Klambratúni. Borgarland og útivistarsvæði eru dýrmæt auðlind sem verður sífellt fágætari þar sem sneytt er af henni hér og þar, í smáum bútum, t.d. með umferðarmannvikrjum og hávaða frá umferð og auglýsingaskiltum eins og því sem lagt er til að koma upp í þessari tillögu.

Íbúar eiga tilkall til óraskaðs útivistarsvæðis í sínu nærumhverfi sem er laust við auglýsingar á hverju horni, og má færa rök fyrir mikilvægi þess fyrir lýðheilsu íbúa.

Engin þörf er á enn einu auglýsingaskiltinu við austurhluta Klambratúns. Um 100 metrar eru frá fyrirhugaðri staðsetningu í báðar áttir að næstu strætisvagnabiðskýlum, þar sem er að finna auglýsingaskilti. Þetta væri því þriðja auglýsingaskiltið á um 200 metra kafla við austurhlíð Klambratúns. Með sömu þéttingu auglýsingaskilta væri sett fordæmi um að setja mætti upp þrettán auglýsingaskilti hringinn í kringum Klambratún. Það er glæfraleg stefna og aðför að rétti íbúa til að njóta frelsis til að geta hreyft sig og notið útivistar í borgarumhverfinu án þess að verða fyrir áhrifum auglýsingaskilta, hvort sem það er bein ljósmengun og truflun á sjónlínu eða þeim áhrifum sem sífelldar auglýsingar og upphafning neyslumenningar hefur á andlega heilsu íbúa.

Ég hafna því að vera neydd til frekari neyslu auglýsinga í hvert sinn sem leið mín liggur um útivistarsvæðið og almenningsgarðinn Klambratún.

--

Kveðja, Kristín Una

USK Skipulag

Frá: Hildur Valsdóttir [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 15:38
Til: USK Skipulag
Efni: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Góðan dag,

Mig langar að koma á framfæri undrun minni og óánægju hvað varðar áætlanir um að setja auglýsingaskilti við Lönguhlíð. Eins get ég ekki skilið þörfina fyrir skilti á þessu svæði þar sem tvö strætóskýli eru þar nálægt.

Ég vil biðja ykkur vinsamlega um að endurhugsa þetta mál og hvort virkilega sé þörf á skilti á þessu svæði. Klambratún fær nú loksins að njóta sín sem grænt svæði í miðri borginni. Það væri algjör synd að eyðileggja það með LED ljósaskilti.

Bestu kveðjur,
Hildur Sigrún
Íbúi í Lönguhlíð 21

USK Skipulag

Frá: Hafdís Rós Jóhannesdóttir [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 14:26
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemd við fyrirhugað auglýsingaskilti við Klambratún

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggð

Góðan daginn,

Ég vil koma á framfæri athugasemd við fyrirhugaðri uppsetningu auglýsingaskiltis við Klambratún.

Af skiltinu stafar sjónmengun og nú þegar eru tvö auglýsingaskilti við þessa hlið Klambratúns.

Kær kveðja,
Hafdís Rós Jóhannesdóttir
kt. [REDACTED]
Bólstaðarhlíð 46

USK Skipulag

Frá: Ylfa Árnadóttir [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 14:20
Til: USK Skipulag
Efni: Vegna fyrirhugaðs auglýsingaskiltis við Klambratún

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flagggað

Góðan daginn,

Ég vil koma á framfæri að ég er á móti uppsetningu á fyrirhuguðu auglýsingaskilti austan megin við Klambratún.

Af skiltinu stafar sjónmengun og það skerðir útsýni íbúa í Lönguhlíð yfir græn svæði Klambratúns, nokkuð sem kveðið er á um í samþykktum um skilti í Reykjavík að þau eigi ekki að gera.

Það eru þegar tvö auglýsingaskilti þarna nálægt og fráleitt að bæta því þriðja við enda segir í fyrrgreindri samþykkt að það eigi að halda fjölda skilta í götumynd Reykjavíkur í lágmarki. "Leggja skal sérstaka áherslu á að fjöldi skilta valdi ekki óreglu og ringulreið í sjónlínu gatna" - ég leyfi mér að fullyrða að þrjú skilti á 200 metra kafla muni skapa óreglu í sjónlínu götunnar.

Sem íbúi í nágrenninu sem á leið þarna hjá mjög reglulega, þá vona ég að fallið verði frá uppsetningu skiltisins.

Kv. Ylfa Árnadóttir,
kt. [REDACTED]
íbúi í Mávahlíð 38

USK Skipulag

Frá: Þórarinna Söebeck [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 13:40
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemd við fyrirhugað auglýsingaskilti við Lönguhlíð

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Ég undirrituð, Þórarinna Söebeck, kt [REDACTED], Barmahlíð 40, vil hér með koma á framfæri skýrum mótmælum vegna fyrirhugaðs auglýsingaskilti við Lönguhlíð.

Fram kemur í auglýsingu Reykjavíkurborgar að aðeins íbúar Lönguhlíðar 7-17 hafi rétt til að koma á framfæri athugasemdum samkvæmt lögum, en sem íbúi Hlíðahverfis, sem fer um klambratún daglega, vil ég lýsa eindreginni andstöðu við fyrirhugað skilti.

Það liggur í augum uppi að af upplýstu auglýsingaskiltinu yrði veruleg sjónmengun. Það yrði líka úr hóplegu ósamræmi við umhverfið, sem er rótgróið fjölskylduhverfi og Klambratúnið ætlað til útivistar og notalegheita. Enn fremur kemur fram í kafla 3.4. Samþykktar um skilti í Reykjavík að: „**Fjöldi skilta skal haldið í lágmarki í götumynd Reykjavíkur, leggja skal sérstaka áherslu að fjöldi skilta valdi ekki óreglu og ringulreið í sjónlínu gatna.**“ Ekki er hægt að sjá að þrjú skilti á um 200 metra löngum kafla (nú þegar eru tvö strætóskýli á svæðinu með tilheyrandi upplýstum auglýsingum) samræmist því markmiði samþykktanna að halda fjölda skilta í lágmarki.

Nú stendur yfir vinna við hverfisskipulag Háteigshverfis, og umræða og ákvarðanatöku um auglýsingavæðingu Klambratúns ætti að fara fram þar.

Ég vona innilega að óánægja íbúa hlíðahverfis verði tekin til greina við fyrirhugaða ákvarðanatöku.

Með kveðju
Þórarinna Söebeck

USK Skipulag

Frá: Þórunn Sif Þórarinsdóttir [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 10:18
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemd vegna auglýsingaskiltis við Lönguhlíð

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggð

Ég undirrituð, Þórunn Sif Þórarinsdóttir kt. [REDACTED], íbúi Hlíðahverfis í Drápuhlíð 8, 105, vil koma á framfæri mótmælum vegna fyrirhugaðs auglýsingaskiltis austan megin við Klambratún.

Að mínu mati er hugmyndin mjög ósmekkleg og í engu samræmi við stemmninguna á svæðinu við Klambratún og mun hafa mikil áhrif á upplifun þeirra sem nýta þetta svæði til útivistar. Klambratún og nágrenni er einstakt svæði þar sem maður nýtur ótrúlegrar kyrrðar í miðri borg og að hafa ljósaskilti myndi einungis skapa óþægindi og ósætti.

Á borgarlandinu við Lönguhlíð, Klambratúnmegin, eru þegar tvö strætóskýli, það hlýtur að vera nægt auglýsingapláss fyrir þennan rúmlega 300 metra kafla (það eru einnig strætóskýli hinumegin við götuna).

LED auglýsingaskilti eru einnig mikið ónæði fyrir akandi og hjólandi vegfarendur sem og íbúa í húsunum sem verða fyrir ljósmengun vegna þessa skiltis.

Kveðja,
Þórunn Sif Þórarinsdóttir

--
Þórunn Sif Þórarinsdóttir
[REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Una Eydís Finnsdóttir [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 10:25
Til: USK Skipulag
Efni: Auglýsingaskilti við Klambratún. Mótmæli.

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Góðan dag.

Ástæða þessa tölvupósts er að mótmæla fyrirhuguðu auglýsingaskilti við Klambratún/Lönguhlíð.

Klambratún er grænt svæði sem er mikilvægt fyrir hugarró þeirra sem um svæðið fara. Áhrif gróðurs, trjáa, blóma og mannlífs á sálarlíf manna eru margrannsökuð og það dylst engum að auglýsingaskilti og led lýsing mun rýra þá upplifun mjög mikið.

Ég mótmæli harðlega.

Kveðja,
Una Eydís Finnsdóttir
Arkitekt

USK Skipulag

Frá: Gunnar H. Gardarsson [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 11:50
Til: USK Skipulag
Afrit: Heiða Björg Hilmisdóttir; Dóra Björt Guðjónsdóttir
Efni: Andmæli: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Góðan daginn,

Með erindi þessu vil ég andmæla tillögu um uppsetningu á auglýsingaskilti sem er kynnt hér:
<https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/auglysingaskilti-vid-longuhlid?fbclid=IwAR20Wxqt7s4V-KQun93idKioleYgL9xkqLxIXZKA6yFzKaqnLn1izUsC3J4>

Ljóst er að auglýsingaskiltið myndi hafa veruleg áhrif á ásýnd Klambratúns og neikvæð áhrif á upplifun borgara af Klambratúni sem útivistarsvæði. Unnið hefur verið að því að bæta umgjörðina um Klambratún, skilja útivistarsvæðið betur frá áreiti bílaumferðar, og væri því uppsetning á auglýsingaskilti á þessum stað skýrt skref afturábak og ekki í takt við þá stefnumörkun sem Reykjavíkurborg hefur sett sér um uppbyggingu grænna svæða í þéttbýli.

Ég vona að Reykjavíkurborg taki ákvörðun um að hafna þessari tillögu um auglýsingaskilti á þessum stað.

--
Kveðja,
Gunnar Hörður Gardarsson
Kt: [REDACTED]
Borgari í Barmahlíð

USK Skipulag

Frá: Inga Hrund Gunnarsdóttir [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 12:15
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemd vegna "Auglýsingaskilti við Lönguhlíð"

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggð

Ég undirrituð, íbúi Hlíðahverfis, mótmæli fyrirhugðu auglýsingaskilti við Lönguhlíð (sem kynnt er hér: <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/auglysingaskilti-vid-longuhlid>) og krefst þess að hætt verði við þetta. Það er nú þegar strætósýli við þessa götu með auglýsingaskilti og það þjónar engum hagsmunum borgarbúa að bæta við skilti þarna, það yrði bara sjónmengun af því.

Inga Hrund Gunnarsdóttir
Vatnsholti 10, 105 Reykjavík
kt. [REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Bjarni Hjartarson [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 12:52
Til: USK Skipulag
Efni: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Ég heiti Bjarni Hjartarson, kt [REDACTED] og bý við Háteigsveg 25.

Ég nýti mér Klambratún sem útvistarsvæði nánast daglega og mótmæli hér með harðlega fyrirhuguðum áætlunum um auglýsingaskilti austan megin við klambratúnið.

Auglýsingaskilti á einstaklega illa við á þessum stað, þar sem fjöldi fólks fer til þess að fá smá náttúru í miðri borg. Fjöldgun auglýsinga skilta í borginni og þá sérstaklega LED skilta er mikið lýti á borginni, til dæmis nýlegt skilti úti á Granda. Ég hef verið ánægður með þróun og uppbyggingu í borginni en þetta líst mér illa á.

kv,
Bjarni

USK Skipulag

Frá: Elísabet Ólafsdóttir [REDACTED]
Sent: föstudagur, 3. júní 2022 13:32
Til: USK Skipulag
Afrit: Einar Helgason
Efni: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Góðan dag,

Elísabet Ólafsdóttir [REDACTED] og Einar Helgason [REDACTED], eigendur að Lönguhlíð 7 gagnrýna harðlega því auglýsingaskilti sem lagt er til af Mannvit og Reykjavíkurborg í landi Klambratúns.

- Þetta fer algjörlega gegn áformum um Miklubraut í stökk og minni umferð um Lönguhlíð, en umferð um hana mun minnka töluvert þegar kemur að þessum skipulagsbreytingum og því óljóst hver gróðinn er af auglýsingaskilti sem miðar að því að fanga augu bílstjóra á leið heim úr vinnu úr Borgartúni - á leið sem verður brátt úrelt.
- Nóg er af auglýsingaskiltum á strætóskýlum meðfram Lönguhlíð.
- Skiltið fellur ekki inn í fallett umhverfið og myndi valda sjónmengun húsa sem eru mjög nálægt skiltinu. Klambratún er vin í miðri borg og myndi skiltið skemma útsýni úr íbúðum þar nálægt. Samþykkt um skilti í Reykjavík segir að skilti eigi ekki að vera íbúum til ama eða óþæginda eða skerða ásýnd borgarinnar. Þetta væri hreint út sagt hallærislegt og ekki hefur maður séð slík skilti við garða í evrópskum borgum. Margir íbúar hafa svefnherbergi andspænis skiltinu og myndi þetta því hafa áhrif á svefn fólks í hverfinu.
- Við fjölskyldan njótum Klambratúns allt árið um kvöld og myndi sú upplifun einnig skerðast af því að þurfa að fara framhjá svo stóru skilti. Hverfið er umkringgt götum og er nægilega erfitt og sjónmengandi að ganga að Kringlu fyrir fótgangandi einstaklinga.

Takk fyrir.

Bestu kveðjur,
Elísabet og Einar, eigendur að Lönguhlíð 7, 105 Reykjavík.

USK Skipulag

Frá: Nína Friðriksdóttir [REDACTED]
Sent: laugardagur, 4. júní 2022 23:57
Til: USK Skipulag
Efni: Skilti

Ég undirrituð, Nína Friðriksdóttir kt. [REDACTED], íbúi Hlíðahverfis, Bólstaðarhlíð 3, 105, vil koma á framfæri mótmælum vegna fyrirhugaðs auglýsingaskiltis austan megin við Klambratún.

Skiltið mun vera sjónmengun út um stofugluggann og óttast ég að ljósín frá skiltinu muni berast í íbúðina.

USK Skipulag

Frá: Kristinn Hrafnsson [REDACTED]
Sent: laugardagur, 4. júní 2022 20:21
Til: USK Skipulag
Afrit: Helga Skúladóttir; Guðmundur Þórir Sigurðsson
Efni: mótmæli gegn auglýsingaskilti

skipulag@reykjavik.is

B.t. Björn Ingi Edvardsson, verkefnastjóra

EFNI: Mótmæli vegna fyrirhugaðs auglýsingaskiltis við Klambratún

sbr. auglýsingu <https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/auglysingaskilti-vid-longuhlid>

Við undirrituð sem skipum stjórn Húsfélagsins Miklabraut 68-70-72 mótmælum harðlega fyrirhuguðum áformum um uppsetningu auglýsingaskiltis við austurhlið Klambratúns. Sérstaklega er fundið að því að ekki sé litið á okkur sem „hagsmunaaðila“ og því hafi ekki verið sent formlegt erindi í okkar hús. Það er því fyrir tilviljun sem við rekumst á umfjöllun um þetta skemmdarverk, örstuttu áður en frestur til að senda inn athugasemdir rennur út.

Fyrir fjölmarga íbúa í okkar húsi er þetta hrein og klár sjónmengun og til þess fallin að rýra þau gæð i sem útsýni til lystigarðsins á Klambratúni er. Okkar afstaða er sú að allir íbúar í nærhverfinu séu hagsmunaaðilar í þessu máli og raunar borgarþúar allir því þarna er þrengt að almennarými með sjóntruflandi áreiti sem ekkert erindi á í grennd við almenningsgarð. Slíka garða á ekki að auglýsingavæða og vekur furðu að slíkt komi yfirleitt til álita af borgaryfirvöldum sem hafa til þessa kynnt sig sem fulltrúa sem vilja bæta vistvæna ímynd borgarinnar.

Við erum nú að verja tugum milljóna í endurbætur okkar eigna til útlitsprýði og skýtur skökku við að lýti skuli þá eiga að setja upp í okkar nærumhverfi. Okkur þykir nóg af mengun í umhverfinu, svifryki og hávaðamengun umferðar þó að sjónmengun sé ekki bætt ofaná í boði borgaryfirvalda til þess að þjóna hagsmunum einkafyrirtækis.

Það vekur einnig gundsemdir um óheilindi og annarlega hagsmuni þegar þetta mál er keyrt framhjá hverfaskipulagsvinnu sem nú stendur yfir. Hví er þetta ekki hluti af því ferli? Í samþykktum um skilti í Reykjavík segir að „...skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar“. Þetta skilti brýtur gegn þessari samþykkt.

Við ítrekum okkar mótmæli sem komið er á framfæri í skyndi rétt áður en auglýstur frestur til athugasemda rennur út en áskiljum okkur allan rétt til að áréttta andstöðu okkar á síðari stigum.

Stjórn Húsfélagsins Miklabraut 68-70-72

Guðmundur Þórir Sigurðsson

Helga Skúladóttir

Kristinn Hrafnsson

USK Skipulag

Frá: Guðmundur Þórir Sigurðsson [REDACTED]
Sent: laugardagur, 4. júní 2022 12:04
Til: USK Skipulag
Efni: Skilti við lönguhlíð

Góðan daginn,

Guðmundur heiti ég íbúi við miklubraut og hagsmunaðili við klambratún. Það er mér hulin ráðgáta ef þið í reykjavíkurborg ætlið að verða að því að setja upp annað auglýsingaskilti þegar að strætóstopp og auglýsingaskilti er hinum megin við götuna.

Ekki má gleyma sjónmenguninni sem stafar frá auglýsingaskiltum.

Tekjur borgarinnar hækka um tugi milljarða með hækkun fasteignamats ár eftir ár. Næg er innkoman, fyrir mitt leyti skal hlífa Klambratúni frá fyrirhugaðri auglýsingagerð. Bæði í nútíðinni og í framtíðinni. Aldrei hef ég hitt þann íbúa sem vill meira áreiti frá auglýsingaskiltum í hverfið sitt.

--

Kær kveðja

Guðmundur Þórir Sigurðsson

USK Skipulag

Frá: Guðmundur Guðnason [REDACTED]
Sent: laugardagur, 4. júní 2022 10:32
Til: USK Skipulag
Efni: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð - athugasemd

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Flaggað

Ágæti viðtakandi

Ég, Guðmundur Guðnason kt. [REDACTED], íbúi í Drápuhlíð 46, mótmæli fyrirhugaðri uppsetningu á auglýsingaskilti við austurhlíð Klambratúns. Ég tel að skiltið skerði upplifun notanda af garðinum við Klambratún og þá sérstaklega íbúa Hlíðarhverfis. Ég mótmæli þeirri túlkun í auglýsingu að hagsmunaaðilar séru eingöngu íbúar sem búa gengt fyrir hugðu skilti. Þetta snýr líka að íbúum hverfisins sem fara þarna reglulega um og nota útivistarsvæðið í garðinum.

Í og við garðinn hefur verið að reynt að skapa ákveðna ró og afþreiningu sem vinnur gegn áreiti og stressi hversdagsins sem íbúar verða sífellt fyrir í daglegu lífi. Þetta skilti gengur þvert á þá stefnu og ýtir undir auglýsingavæðingu, áreiti og truflun á upplifun svæðisins. Ég mótmæli því fyrirhugaðri uppsetningu þessa skiltis.

Kynningargögn með tillögunni tel ég gölluð, heildarhæð skiltis er ragnlega sagt 2,36 m en er 2,66 m með undirstöðu. Engin staðsetning er gefin á skilti í plani, hnit eða málsetning. Einnig vantar ásýndarmynd sem sýnir afstöðu skiltis miðað við göngustíg og hæð þess í landi miðað við göngustíginn. Þar fyrir utan er erfitt að átta sig á afstöðu þess þar sem myndin sýnir garðin sem svart svæði en það græna svæði sem í kring.

Á meðfylgjandi mynd (tekin úr ja.is) hef ég bætt inn litlu skilti á líklegum stað fyrir skiltið og þá sést hvernig það eyðileggur rólega upplifun meðfram götunni og þann götuás í gegnum hverfið og suður fyrir Miklubraut.



Með kveðju
Guðmundur Guðnason



Virus-free. www.avast.com

Reykjavík 5. júní 2022

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur

Björn Ingi Edvardsson

Borgartúni 12 til 14

105 Reykjavíkur

Ágæti skipulagsfulltrúi Björn Ingi Edvardsson.

Almennar vangaveltur eru hér í upphafi en síðar eru taldar upp athugasemdir sem ósk er gerð um að tekið verði tillit til og þeim verði svarað í samræmi við stjórnarsýslög innan þriggja vikna frá dagsetningu þessa bréfs.

Húseigendum í Lönguhlíð 7, 9, 11, 13, 15 og 17 barst bréf dagsett 04.05.2022 með upplýsingum um að fyrirhugað væri að setja upp auglýsingaskilti á steiptum standi þannig að standurinn er staðsettur andspænis Lönguhlíð 13. Undirritaður verður að giska á miðað við gögn að til standi að mynd skiltisins sé samsíða götunni og myndin því í beinni sjónlínu frá þessum hluta hússins í númer 13 til 17.

Uppsetning þessa auglýsingaskiltis er væntanlega ekki til að kynna vörur eða annað sérstaklega fyrir íbúum í Lönguhlíð 13 eða öðrum í þessum tveimur húsum sem virðast hafa rétt umfram aðra til að gera athugasemdir.

Undirrituðum er ekki kunnugt um að öðrum í hverfinu hafi verið gefinn kostur á að gera athugasemdir. Krafan er því að öllum íbúum hverfisins sem nýta sér Klambratúnið sér til dægrastyttingar verði gefinn kostur á að gera athugasemd við uppsetningu á þessu skilti. Það mætti jafnvel gera þá kröfu um að öllum Reykvíkingum yrði gefinn kostur á að gera athugasemdir við breytingar á umhverfi þessa miðgarðs Reykjavíkur.

Benda verður á þá augljósu staðreynd að íbúar hverfisins austan megin Lönguhlíðar koma margir eftir Bólstaðarhlíð til að sækja atburði á Klambratúni og þeirra á meðal eru börn grunnskólanna Háteigsskóla og Ísaksskóla.

Auglýsingaskilti þetta á ekkert erindi á þetta svæði og sætir það furðu að embættismenn skuli láta sér til hugar koma, yfirleitt að spyrja um hvort megi setja slíkt upp, því að uppsetningi er í ósamræmi við þær reglur sem þegar hafa verið

settar. Verður því að spyrja hvort umræddur viðskiptaaðili hafi beitt embættismenn einhverjum þrýstingi til að fá þetta í gegn? Sérstaklega er óskað eftir svári við þessari fyrirspurn innan lögboðins tíma.

Fyrir hvern og til hvers?

Ef skiltið á að snúa samsíða aksturstefnu, þ.e. ökumenn sjá mynd þess aðeins þegar þeir eru við hlið þess. Er markmið skiltisins að ná til þeirra ökumanna sem silast hér eftir Lönguhlíðinni í 2 klukkustundir dag hvern á leið sinni heim eftir vinnu er það undrunarefni? Margir benda á að auglýsingaskilti við götubrún af þessu tagi trufla ökumenn þegar þau beinast að aksturstefnu. Annað gildir um stærri skildi sem eru fjær götuumferð.

Þegar eru tvö ljósaskilti á þessum sama kafla sem snúa þannig að aksturstefnu að ökumenn sjá þau vel. Það verður ekki séð hvaða tilgangi það þjónar að vera með þriðja skiltið á þessum stutta vegarkafla fyrir þessa ökumenn.

Það verður að teljast mikið lýti á þessu umhverfi að vera með þrjú auglýsingaskilti á þessum stutta kafla.

Undirritaður er formaður hússtjórnar í húsfélaginu í Lönguhlíð 13 til 17 og athugasemir þær sem eru sendar eru í mínu nafni og stjórnar félagsins.

Athugasemdir sem skipulagsfulltrúu þarf að taka tillit til.

1. Alvarlega athugasemd verður að gera við að hvergi er að finna upplýsingar um hvernig upplýsingaskiltið snýr við götunni. Gegnt aksturstefnu eða samsíða henni. Allar athugasemdir við uppsetninguna eru því marklausar. Það er því gerð sú krafa að minnsta kosti að frekari auglýsing fari fram á þessum breytingum og verði þá tryggt að fram komi hvernig skiltið á að snúa.
 - Í 6. kafla í „Samþykkt um skilti í Reykjavík“ kemur skýrt fram um umsóknir: „*Greinargerð og afstöðumynd þar sem koma fram stærð og umfang skiltis í samhengi við mannvirki á lóð og eftir atvikum aðliggjandi lóða, staðsetning á mannvirki eða lóð. Gert grein fyrir hönnun og útliti.*“
 - Ítrekað er að hvergi kemur fram hvernig skiltið snýr (afstöðumynd) og er það brot á þessari samþykkt.

2. Uppsetning á þessu skilti verður að teljast breyting á deiliskipulagi. Í skipulagslögum nr. 123 frá 22. september 2010 kemur fram í markmiðum laganna 1. gr. mgr. a. *að þróun byggðar og landnotkunar á landinu öllu verði í samræmi við skipulagsáætlanir þar sem efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi er haft að leiðarljósi,*
- Hér er um verulega truflun á því menningar- og félagslega umhverfi sem Klambratúnið er. Það er ámælisvert að skipulagsfulltrúi-/byggingarfulltrúi skuli ekki leggja breytingu af þessu tagi fyrir sem breytingu á deiliskipulagi. Þar sem breytingin snertir mun fleiri en íbúa umræddra tveggja húsa. Það er sérstakt að einungis íbúar þessar tveggja húsa fái tækifæri til að hafa skoðun á breytingum á félagsumhverfi sem snertir mörg hundruð ef ekki þúsundir íbúa. Vakin er athygli á því að stór hópur Hlíðabúa nýta sér Klambratúnið reglulega sem og fjölmargir Reykvíkingar sem koma á svæðið til að nýta það. Í Hlíðunum 2019 bjuggu 4960 íbúar.
 - Í „Samþykkt um skilti í Reykjavík“ stendur í inngangi: *„Borgarumhverfi er okkar sameiginlega rými og geta skilti haft mikil áhrif á upplifun þess. Því verður að vanda til verka þegar kemur (á!) að ákvörðun um fyrirkomulag skilta.“*
3. Hvergi er að finna í gögnum hver markhópurinn er sem skiltið á að ná til. Umrædd fyrirtæki (Dengsi) hefur væntanlega gert sér hugmyndir um að það borgi sig að geta haldið því að umsækjendum um auglýsingu að um tiltekinn markhóp sé að ræða sem hægt er að ná til og þá með þremur auglýsingaskiltum á stuttum vegakafli í miðborginni. (Bent á athugasemd nr. 1) Gera verður þá kröfu að íbúar í hverfinu verði upplýstir um hver markhópur þessa skiltis er og það röksutt með ítarlegum hætti hvers vegna þarf að setja upp þriðja skiltið á þessum stutta vegarkafli. Það vekur furðu að mál þetta hafi komist svona langt að teknu tilliti til kafla 6.2 í „Samþykkt um skilti í Reykjavík“ því að annmarkar aðdraganda þessa fyrirhugaða verkefnis eru svo augljósir.
- *„Byggingarfulltrúi veitir leyfi fyrir skiltum og auglýsingum ef umsókn uppfyllir ákvæði samþykktar þessarar og gildandi skipulags. Byggingarfulltrúi mun leita umsagnar fagsviða borgarinnar eftir atvikum, líkt og samgöngudeild, borgarhönnun eða skrifstofu reksturs og umhirðu. Ávallt skal óska eftir umsögn hjá skipulagsfulltrúa er varðar skilti. Skipulagsfulltrúi metur hvort að umsóknin uppfylli skipulagslegar forsendur og þau skilyrði er varðar birtu og stærð*

samkvæmt þessari samþykkt.“ Miðað við 6.2 í samþykktinni og reyndar samþykktina alla er merkilegt hvað mál þetta er komið langt.

4. Það er ótrúlegt að Reykjavíkurborg skuli telja að það komi til greina að setja upp auglýsingaskilti á svæðum sem borgin sjálf ræður yfir. Eitt er að fyrirtæki komi upp skiltum vegna rekstrar síns en annað að Reykjavík telji að það komi til greina að setja upp skilti í borgarlandinu hvað þá við almenningsgarð þar sem hugmyndin er að íbúar njóti útivistar í náttúrulega grænu umhverfi og séu ekki truflaði við þá iðju af ljósaskilti sem ekkert hefur með þann vettvang að gera. Fyrirhuguð uppsetning á þessu skilti hefur truflandi áhrif á íbúðabyggingdina. **AUGLÝSINGASKILTI SKULU ALMENNNT STAÐSETT Á MANNVIRKJUM!**

3.4. Staðsetning

Auglýsingaskilti fyrir fyrirtæki og þjónustu skulu almennt staðsett á mannvirkjum.

Heimilt er að staðsetja skilti innan lóðar, svo framfar sem þau séu í samræmi við reglur sem hér koma fram og að undangenginni leyfisveitingu. Upplýst skilti skulu ekki vera staðsett þannig að þau hafi truflandi áhrif á íbúðarbyggð.

Að lokum þetta

Eitt er að leyfa uppsetningu skilta við fjölfarnar götu en algjörlega út í hött að gera slíkt við almenningsgarð í grænu umhverfi þar sem margir koma til að njóta útivistar.

Það er ekki af ástæðulausu að settar hafa verið reglur um uppsetningu auglýsingaskilta í Reykjavík. Það er því miður svo að yfirvöld hafa freistast til að gera alltof mikið af því að setja upp auglýsingaskilti, þannig að frekar ætti að herða á reglum en reyna að fara hjá þeim eða fara á svig við reglur eins og reynt er í þessu tilfelli.

Leyfi mér að taka undir og ítreka athugasemdir okkar í stjórninni með tilvitnun í bréf sem þegar hefur verið sent til ykkar, frá hjónunum Breka Karlssyni og Steinunni Þórhallsdóttur hér í Lönguhlíð 13:

Nú stendur yfir vinna við hverfisSKIPULAG Háteigshverfis, hvar í Klambatún er. Umræða um auglýsingavæðingu túnsins á heima þar. Það er ekkert sem mælir með því, og í raun vanvirðing við þá vinnu, að lauma auglýsingaskiltinu fram hjá þeirri vinnu. Vegagerðin hefur lagst gegn því að sett verði við stafræn skilti sem beint sé að umferð vegna umferðaröryggissjónarmiða. „Stafrænt auglýsingaskilti sé enn meira til þess fallið en flettiskilti að fanga athygli öikumanna. Slíkt kunni að draga úr umferðaröryggi“ (úrskurður Úrskurðarnefndar umhverfis og auðlindamála 142/2021). Fjöldi erlendra rannsókna eru sammála um að auglýsingaskilti sem beint sé að öikumönnum ógni beinlínis umferðaröryggi. Þá má benda á að á bak við fyrirhugað auglýsingaskilti er nýlegur

sparkvöllur og ekki aðeins myndi auglýsingaskilti trufla íþróttaiðkun barna, heldur gæti það ógnað öryggi verulega, færi svo að bolta yrði sparkað af vellinum austur yfir Lönguhlíð. Eftir ítrekuð slys a börnum á leið yfir Lönguhlíð voru sett gönguljós yfirgötuna á mótis við Bólstaðarhlíð, enda er þar ein aðal gönguleið inn á Klambratún að austanverðu, meðal annars frá tveimur barnaskólum. Líklegt má telja að uppsetning upplýsts auglýsingaskiltis gæti dregið verulega úr því öryggi sem gönguljósin hafa skapað.

Stjórn húsfélagsins í Lönguhlíð 13 til 17 mótmælir því harðlega að umrætt auglýsingaskilti verði sett upp.

**Fyrir hönd hússtjórnar í Lönguhlíð 13, 15 og 17.
Ásgeir Beinteinsson**

USK Skipulag

Frá: Justine V [REDACTED]
Sent: sunnudagur, 5. júní 2022 14:07
Til: USK Skipulag
Efni: Ég er að segja NEI til Auglýsingaskilti við Lönguhlíð

Sæl,

Ég undirrituð, Justine Vanhalst kt. [REDACTED], íbúi Hlíðahverfis, Mávahlíð 27, 105, vil koma á framfæri mótmælum vegna fyrirhugaðs auglýsingaskiltis austan megin við Klambratún.

<https://2021.reykjavik.is/skipulag-i-kynningu/auglysingaskilti-vid-longuhlid>

Þetta er einstaklega ósmekklegr hugmynd og algjörlega út í hött í námunda við útivistarsvæðið Klambratún og stemmningu þá sem hefur verið reynt að skapa þar.

Þetta skilti á ekki heima í þessu umhverfi og mun skiltið muni verða til ama og óþæginda, og skerða upplifun af Klambratúni.

Justine Vanhalst
Scientist – Project Manager

[REDACTED]
[REDACTED]



USK Skipulag

Frá: Freyr Pálsson [REDACTED]
Sent: mánudagur, 6. júní 2022 22:25
Til: USK Skipulag
Efni: Athugasemdir við auglýsingaskilti lönguhlíð

Góðan dag

Ég mótmæli fyrirhuguðu auglýsingaskilti við Lönguhlíð sem nú er í kynningu.

Þetta er afleit sjónmengun og borginni ekki til prýði.

Hefur verið kannað hvað svona skilti hefur að segja fyrir umferðaröryggi hjólandi þarna og gangandi?

Hættið þessari vitleysu.

Bestu kveðjur
Freyr Pálsson

USK Skipulag

Frá: Helga Teitsdóttir [REDACTED]
Sent: mánudagur, 6. júní 2022 21:19
Til: USK Skipulag
Efni: Varðandi auglýsingaskilti við Klambratún

Ég undirrituð, Sigurlaug Helga Teitsdóttir, kt: [REDACTED], að heimili í Skaftahlíð 38, 105 Reykjavík, mótmæli fyrirhuguðum áformum um auglýsingaskilti við Klambratún við Lönguhlíð. Sem íbúi í þessu hverfi sem nýtir Klambratún reglulega með börnum mínum, fjölskyldu og vinum, blöskrar mér sú hugmynd að þetta dýrmæta svæði í Hlíðunum, eitt af þeim fáu útivistarsvæðum sem eftir eru í hverfinu, verði notað á þann háttinn að þvinga upp á okkur íbúa sem viljum njóta útivistar í fallegu umhverfi, auglýsingar um vörur eða þjónustu. Á þessu svæði í Hlíðum og Háteigshverfi hefur verið mikið byggt á síðustu mánuðum þar sem hvert græna svæðið á eftir öðru hefur verið lagt undir byggð eða malbik. Vil ég þar nefna svæðið við Vatnshólinn sem er eitt af helstu kennileitum okkar hverfis og nú síðast menningarminjar við Salfisksmóann. Nú er því miður svo komið að eina græna svæðið sem stendur eftir í hverfinu og við íbúar getum notað til útivistar er Klambratúnið og höfum við Hlíðabúar og Háteigssbúar lagt mikið upp úr því að gera túnið að svæði sem getur nýst öllum og skapað góða stemmningu í hverfinu í gegnum t.d. kosningu í Betri Reykjavík / Hverfið mitt, og er þetta hjartans mál fyrir flesta íbúa þessa hverfis. Það að setja upp upplýst auglýsingaskilti við þetta fallega tún sem svo margir borgarþátttakendur nota finnst mér ógeðfellt og ósmekklegt með öllu og það mun rýra upplifun okkar sem nota túnið og treysta á þennan stað til þess að kúpla sig út úr hraða og neyslumenningu borgarlífsins. Borgin ætti að sjá sóma sinn í að sinna Klambratúninu betur og fegra þetta svæði frekar en að skemma það með upplýstum auglýsingaskiltum.

Með bestu kveðju, Sigurlaug Helga Teitsdóttir



Virus-free. www.avg.com

USK Skipulag

Frá: Tómas Joensen [REDACTED]
Sent: mánudagur, 6. júní 2022 21:11
Til: USK Skipulag
Efni: Varðandi auglýsingaskilti við Klambratún

Ég undirritaður, Tómas Joensen kt. [REDACTED], íbúi Hlíðahverfis, Skaftahlíð 38, 105, vill koma á framfæri eindregnum mótmælum vegna fyrirhugaðs auglýsingaskiltis austan megin við Klambratún.

Þetta er einstaklega ósmekklegr hugmynd og algjörlega út í hött í námunda við útivistarsvæðið Klambratún og þá stemningu sem hefur verið reynt að skapa þar. Þetta skilti á ekki heima í þessu umhverfi og mun það verða til ama og óþæginda, og skerða upplifun af Klambratúni.

Borgin ætti að huga að því hvernig hægt er að fegra og bæta umhverfið í kringum þetta síðasta græna svæði hverfisins, fremur en að ganga á það með ósóma sem þessum. Klambratún er ómetanleg náttúruperla í miðri Reykjavík sem hefur verið vanrækt í gegnum árin. Svæðið býður upp á óendanlega möguleika til útivistar, samveru og nánd við græn svæði fyrir fjölskyldur í hverfinu og aðra Reykjavíkurbúa og er auglýsingaskilti sem þetta aðeins til að draga úr slíkum möguleikum og gera svæðið minna aðlaðandi til framtíðar. Ég mótmæli því þessari fyrirhuguðu aðgerð af öllu hjarta.

Bestu kveðjur
Tómas Joensen

USK Skipulag

Frá: Gudmunda Kristjansdóttir [REDACTED]
Sent: mánudagur, 6. júní 2022 21:01
Til: USK Skipulag
Efni: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð - mótmæli

Ég vil hér með mótmæla fyrirhugaðri uppsetningu auglýsingaskiltis við Lönguhlíð, gegnt Bólstaðarhlíð. Það liggur í augum uppi að mikil sjónmengum yrði af upplýstu auglýsingaskilti við Klambratún. Nú þegar eru mörg auglýsingaskilti í strætóskýlum í kringum Klambratún. Uppsetning auglýsingaskiltis á þessum stað verður íbúum í þessu rótgróna hverfi til ama, óþæginda og mun skerða upplifun almennings af Klambratúni. Ég bý neðst í Bólstaðarhlíð og mun upplýst upplýsingaskilti skerða þau lífsgæði er við höfum að fallegrri sýn yfir gamalgróið og fallett grænt svæði í hjarta Reykjavíkur.

Guðmunda Kristjánsdóttir
Bólstaðarhlíð 4
105 Reykjavík
kt. [REDACTED]

USK Skipulag

Frá: Einar Skúlason [REDACTED]
Sent: þriðjudagur, 7. júní 2022 09:19
Til: USK Skipulag
Efni: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Með vísan í tillögu til uppsetningar á auglýsingaskiltis á Klambratúni vestanmegin Lönguhlíðar við gatnamót Bólstaðahlíðar sem var lögð fram á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa þann 25. febrúar 2022.

Í tilkynningu á reykjavik.is kemur fram að húseigendum að Lönguhlíð 7, 9, 11, 13, 15 og 17 sé gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna. Þetta er allt of þröngur hópur sem fær tækifæri til að tjá sig um þessa tillögu og því ákvað ég að senda þennan póst.

Ég er íbúi í Mávahlíð, nota Klambratúnið og á reglulega leið framhjá þessum stað sem skiltinu er ætlað að standa. Ég mótmæli því að setja upp skilti á þessum stað og einnig frekari uppsetningu auglýsingaskilta meðfram Klambratúni.

Virðingarfyllt,

Einar Skúlason

Kt. [REDACTED]

Mávahlíð 33

105 Reykjavík

USK Skipulag

Frá: Eva Rut Hjaltadóttir [REDACTED]
Sent: þriðjudagur, 7. júní 2022 11:29
Til: USK Skipulag
Efni: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð - Athugasemd

Eftirfylgniflagg: Fylgja eftir
Flaggstaða: Lokið

Ég mótmæli fastlega áformum um uppsetningu auglýsingaskiltis við Lönguhlíð. Slíkt skilti yrði óþarfa áreiti og sjónmengun á þessu fallega og græna svæði sem Klambratúnið er og þar að auki ónæði fyrir alla íbúa sem búa við austur hlið Klambratúns. Það er einnig til skammar að íbúar við Lönguhlíð 19-25 skuli ekki teljast sem hagsmunaaðilar. Það er erfitt að skilja hvers vegna þessi staðsetning sé sett fram sem mögulegur staður fyrir led auglýsingaskilti.

Kv. Íbúi í Lönguhlíð 23.

Eva Rut Hjaltadóttir [REDACTED]

Útsýni úr stofunni minni yfir austur hlið Klambratúns þar sem umrætt auglýsingaskilti á að rísa.






Reykjavík 15. ágúst 2022

Varðar: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð, standur fyrir auglýsingaskilti.

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir uppsetningu auglýsingaskiltis á steyptri undirstöðu á borgarlandi vestanmegin Lönguhlíðar, sunnan við gatnamót að Bólstaðarhlíð. Erindið var grenndarkynnt frá 9. maí 2022 til og með 7. júní 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir:

Puríður Höskuldsdóttir dags. 10. maí 2022, Guðrún Sigríður Sigurðardóttir dags. 12. maí 2022, Guðrún Sigurðardóttir f.h. Húsfélagsins Lönguhlíð 7, 9, 11 dags. 13. maí 2022, Björn Hrnannar Björnsson og Karin Schmitz dags. 15. maí 2022, Ásdís Auðunsdóttir dags. 27. maí 2022, Þórey Sigþórsdóttir dags. 3. júní 2022, Breki Karlsson og Steinunn Þórhallsdóttir dags. 3. júní 2022, Sigríður V. Jónsdóttir og Leó Alexander Guðmundsson dags. 3. júní 2022, Kristín Una Sigurðardóttir dags. 3. júní 2022, Hildur Sigrún Valsdóttir dags. 3. júní 2022, Hafdís Rós Jóhannesdóttir dags. 3. júní 2022, Ylfa Árnadóttir dags. 3. júní 2022, Þórarinna Söebeck dags. 3. júní 2022, Þórunn Sif Þórarinsdóttir dags. 3. júní 2022, Una Eydís Finnsdóttir dags. 3. júní 2022, Gunnar Hörður Garðarsson dags. 3. júní 2022, Inga Hrund Gunnarsdóttir dags. 3. júní 2022, Bjarni Hjartarson dags. 3. júní 2022, Elísabet Ólafsdóttir og Einar Helgason dags. 3. júní 2022, Nína Friðriksdóttir dags. 4. júní 2022, Guðmundur Þórir Sigurðsson, Helga Skúladóttir og Kristinn Hrafnsson f.h. húsfélagsins Miklabraut 68, 70 og 72 dags. 4. júní 2022, Guðmundur Þórir Sigurðsson dags. 4. júní 2022, Guðmundur Guðnason dags. 4. júní 2022, Ásgeir Beinteinsson f.h. hússtjórnar Lönguhlíð 13, 15 og 17 dags. 5. júní 2022, Justine Vanhalst dags. 5. júní 2022, Freyr Pálsson dags. 6. júní 2022, Sigurlaug Helga Teitsdóttir dags. 6. júní 2022, Tómas Joensen dags. 6. júní 2022, Guðmunda Kristjánsdóttir dags. 6. júní 2022, Einar Skúlason dags. 7. júní 2022 og Eva Rut Hjaltadóttir dags. 7. júní 2022.



Grenndarkynnt tillaga

Samantekt athugasemda: Um er að ræða bæði athugasemdir frá aðilum sem fengu grenndarkynninguna senda til sín þ.e. húseigendum að Lönguhlíð 7, 9, 11, 13, 15 og 17 auk fjölda annarra íbúa í hverfinu. Almennst finnst athugasemdaraðilum að auglýsingaskilti eins og þetta eigi ekki að vera staðsett á Klambratúni (fellur ekki inn í umhverfið) og bent er auk þess á tvö strætóskýli á um 200 m kafla við Lönguhlíð, Klambratúnsmegin. LED skilti eru talin valda miklu ónæði fyrir akandi, hjólandi og gangandi m.t.t. upplifunar fólks á Klambratúni auk íbúa í nálægum húsum vegna skiltanna og ljósmengunar af þeim.

Vísað er auk þess til kafla 3.4 í samþykkt um skilti í Reykjavík að „Fjölda skilta skal haldið í lágmarki í götummynd Reykjavíkur, leggja skal sérstaka áherslu að fjöldi skilta valdi ekki óreglu og ringulreið í sjónlínu gatna.“ og að allar svona ákvarðanir ætti að taka í hverfisskipulagi frekar en við útgáfu stakra byggingarleyfa. Jafnframt finnst ákveðnum aðilum að fyrirhugað skilti gangi beinlínis þvert gegn markmiðum samþykktar um skilti í Reykjavík, en þar segir m.a. í kafla 1.2; Markmið þessarar samþykktar er: 1. Að skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar. 2. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.“ Þá segir jafnframt í kafla 1.3. „að í íbúðarbyggð skulu ekki vera upplýsinga-eða auglýsingaskilti sem hafi truflandi áhrif svo sem vegna stærðar, ljóma eða ásýndar.“

Auk þess eru gerðar athugasemdir við að grenndarkynningin sé ófullnægjandi varðandi framsetningu gagna og hún einungis kynnt íbúum húsa sem næst liggja, en ekki beðið um álit þeirra sem nota Klambratúnið.

Svör við athugasemdum: Varðandi gögnin með grenndarkynningunni þá eru þau að mati byggingarfulltrúa talin uppfylla öll þau skilyrði sem þarf að senda inn varðandi byggingarleyfisumsókn og fylgdu þau með til útsendingar á grenndarkynningu. Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 felst grenndarkynning í því að skipulagsfulltrúi kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta byggingarleyfisumsókn og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests. Um er að ræða auglýsingaskilti sem var staðsett á horni Flókaötu og Lönguhlíðar sem hefur verið tekið niður og lagt til að það verði fært á umræddan stað við Lönguhlíð skv. innsendri byggingarleyfisumsókn.

Umrætt skilti / rekstraraðili þess er Dengsi ehf. sem er rekstraraðili strætóskýla í gegnum samning um götugögn í Reykjavík. Samkvæmt samningi borgarinnar við fyrirtækið er því heimilt að afla tekna gegn rekstri að lágmarki 210 skýla í borginni með allt að 50 auglýsingastöndum. Við ákvörðun um staðsetningar auglýsingastanda setur verktakinn fram ósk um staðsetningu sem er metin með tilliti til borgarhönnunar og umferðaröryggis. Þar sem vinnu við hverfisskipulag er ekki lokið gilda hinar mismunandi deiliskipulagsáætlanir á svæðinu nálægt Klambratúni. Í þessu tilfelli þá er ekki í gildi neitt deiliskipulag fyrir Klambratún og þar af leiðandi þá var lagt til að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn þó slíkt hafi mögulega ekki verið þörf á.

Tekið er á umræddum auglýsingastöndum/ skiltum í reglum og samþykkt um skilti í Reykjavík, m.a. hvað varðar glýju, ljóma, birtumagn o.þ.h., og ber rekstraraðila að fara eftir þeim skilyrðum. Byggingarfulltrúi hefur vald til að takmarka, og ef við á, láta fjarlægja auglýsingaskilti sem ekki fara eftir samþykkt um skilti í borgarlandi. Ljósstyrkur á auglýsingaskiltunum fer eftir tíma dags, en hámarksljómi í myrkri er skilgreindur í samþykkt um skilti í Reykjavík.

Að mati Reykjavíkurborgar þá eru hverfandi líkur á ónæði frá auglýsingaskiltinu til íbúa og annarra vegfarenda við Lönguhlíð. Varðandi samþykktina um skilti þá hefur hún verið notuð til viðmiðunar síðustu ár að ákveða hvort og hvernig uppsetning á nýjum skiltum er háttað. Skilti eru hluti af útliti borga og séu þau vel útfærð geta þau aukið á borgarbrag og læsileika borgarinnar. Borgarumhverfi er okkar sameiginlega rými og geta skilti haft mikil áhrif á upplifun þess, því verður að vanda til verka þegar kemur að ákvörðun um fyrirkomulag skilta. Reglunum er skipt upp í almenn ákvæði og ákvæði eftir landnotkunarflokkum og eru reglurnar unnar í samræmi við markmið aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og þeim stefnumiðum sem þar koma fram um gæði byggðar. Markmið með reglum og samþykktar um skilti í Reykjavík er:

1. Að skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar.
2. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.
3. Að auðvelda afgreiðslu byggingarleyfisumsókna um skilti þegar það á við.

Leiðir að markmiðum eru nokkrar t.a.m. öryggi, umhverfi og ásýnd, íbúar, afgreiðsla og lög og reglugerðir. Samþykktin fjallar um skilgreiningar á skiltum og t.a.m. varðandi auglýsingaskilti þá er það hvaða orð, stafur, merki, veggspjald, spjald, tjald, tæki/búnaður eða efni sem sett er upp í því skyni að koma upplýsingum á framfæri. Samþykktin gildi innan lögsögu Reykjavíkur og gildir hún um skilti í borgarlandi og á einkalóðum. Ákveðnar undanþágur eru tilgreindar t.a.m. er varðar auglýsingar innanhúss, umferðamerki, vinnusvæðamerkingar, skilti og auglýsingar á hliðum biðskýla fyrir strætó o.fl.

Samkvæmt 2 kafla (liður e) í samþykkt um skilti í Reykjavík eru skýlin og standarnir sem verið er að sækja um undanþegni samþykktinni sbr. kemur fram að neðan, nema það sem við kemur birtustigi og hreyfimyndum. Gott samráð þjónstuaðila við samgöngudeild borgarinnar er varðar birtistigið, að það uppfylli kröfur borgarinnar, og hreyfimyndir eru ekki heimilaðar nema með sérstökum undanþágum.

Undanþegin ákvæðum samþykktarinnar eru þó:

- a) Auglýsingar innanhúss. Sé um að ræða skilti sem sannarlega veldur grenndaráhrifum á aðliggjandi byggð, s.s. rafrænt auglýsingaskilti, getur byggingarfulltrúi krafist þess að það sér fjarlægt.
- b) Auglýsingar sem eru órjúfanlegur hluti af hönnun byggingar.
- c) Umferðamerki.
- d) Vinnusvæðamerkingar, sjá reglur um vinnusvæðamerkingar.
- e) Skilti og auglýsingar á hliðar biðskýla fyrir almenningsamgöngur á vegum borgarinnar ásamt auglýsingastöndum skv. samningi borgarinnar um biðskýli í borginni; fristandandi skilti sem leiðbeina í átt að biðskýlum; fristandandi skilti sem veita upplýsingar um leiðarkerfi almenningsamgangna í rauntíma.

Skilti sem eru undanþegin reglum þessum skulu engu að síður taka mið af ákvæðum reglanna varðandi birtustig, sjá umfjöllun fyrir neðan.

Niðurstaða

Lagt er til að grenndarkynnt tillaga fyrir auglýsingaskilti við Lönguhlíð verði samþykkt óbreytt með vísan til þeirra svara sem koma fram hér í umsögn skipulagsfulltrúa. Auglýsingaskiltið er í raun undanþegið ákvæði reglanna um skilti í Reykjavík og er hluti af samningi borgarinnar við rekstraraðila um allt að 50 auglýsingaskiltum/ stöndum víðs vegar um borgina.

Varðandi staðsetninguna á þessu skilti þá sem fyrr segir er það mat Reykjavíkurborgar að það séu hverfandi líkur á ónæði frá auglýsingaskiltinu til íbúa og annarra vegfarenda við Lönguhlíð.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson, Erna Hrönn Geirsdóttir**




Reykjavík 15. ágúst 2022

Varðar: Auglýsingaskilti við Lönguhlíð, standur fyrir auglýsingaskilti.

Að lokinni grenndarkynningu er lagt fram að nýju erindi frá afgreiðslufundi byggingarfulltrúa frá 15. febrúar 2022 þar sem sótt er um leyfi fyrir uppsetningu auglýsingaskiltis á steyptri undirstöðu á borgarlandi vestanmegin Lönguhlíðar, sunnan við gatnamót að Bólstaðarhlíð. Erindið var grenndarkynnt frá 9. maí 2022 til og með 7. júní 2022. Eftirtaldir sendu athugasemdir:

Puríður Höskuldsdóttir dags. 10. maí 2022, Guðrún Sigríður Sigurðardóttir dags. 12. maí 2022, Guðrún Sigurðardóttir f.h. Húsfélagsins Lönguhlíð 7, 9, 11 dags. 13. maí 2022, Björn Hrnannar Björnsson og Karin Schmitz dags. 15. maí 2022, Ásdís Auðunsdóttir dags. 27. maí 2022, Þórey Sigþórsdóttir dags. 3. júní 2022, Breki Karlsson og Steinunn Þórhallsdóttir dags. 3. júní 2022, Sigríður V. Jónsdóttir og Leó Alexander Guðmundsson dags. 3. júní 2022, Kristín Una Sigurðardóttir dags. 3. júní 2022, Hildur Sigrún Valsdóttir dags. 3. júní 2022, Hafdís Rós Jóhannesdóttir dags. 3. júní 2022, Ylfa Árnadóttir dags. 3. júní 2022, Þórarinna Söebeck dags. 3. júní 2022, Þórunn Sif Þórarinsdóttir dags. 3. júní 2022, Una Eydís Finnsdóttir dags. 3. júní 2022, Gunnar Hörður Garðarsson dags. 3. júní 2022, Inga Hrund Gunnarsdóttir dags. 3. júní 2022, Bjarni Hjartarson dags. 3. júní 2022, Elísabet Ólafsdóttir og Einar Helgason dags. 3. júní 2022, Nína Friðriksdóttir dags. 4. júní 2022, Guðmundur Þórir Sigurðsson, Helga Skúladóttir og Kristinn Hrafnsson f.h. húsfélagsins Miklabraut 68, 70 og 72 dags. 4. júní 2022, Guðmundur Þórir Sigurðsson dags. 4. júní 2022, Guðmundur Guðnason dags. 4. júní 2022, Ásgeir Beinteinsson f.h. hússtjórnar Lönguhlíð 13, 15 og 17 dags. 5. júní 2022, Justine Vanhalst dags. 5. júní 2022, Freyr Pálsson dags. 6. júní 2022, Sigurlaug Helga Teitsdóttir dags. 6. júní 2022, Tómas Joensen dags. 6. júní 2022, Guðmunda Kristjánsdóttir dags. 6. júní 2022, Einar Skúlason dags. 7. júní 2022 og Eva Rut Hjaltadóttir dags. 7. júní 2022.



Grenndarkynnt tillaga

Samantekt athugasemda: Um er að ræða bæði athugasemdir frá aðilum sem fengu grenndarkynninguna senda til sín þ.e. húseigendum að Lönguhlíð 7, 9, 11, 13, 15 og 17 auk fjölda annarra íbúa í hverfinu. Almennt finnst athugasemdaraðilum að auglýsingaskilti eins og þetta eigi ekki að vera staðsett á Klambratúni (fellur ekki inn í umhverfið) og bent er auk þess á tvö strætóskýli á um 200 m kafla við Lönguhlíð, Klambratúnsmeigin. LED skilti eru talin valda miklu ónæði fyrir akandi, hjólandi og gangandi m.t.t. upplifunar fólks á Klambratúni auk íbúa í nálægum húsum vegna skiltanna og ljósmengunar af þeim.

Vísað er auk þess til kafla 3.4 í samþykkt um skilti í Reykjavík að „Fjölda skilta skal haldið í lágmarki í götummynd Reykjavíkur, leggja skal sérstaka áherslu að fjöldi skilta valdi ekki óreglu og ringulreið í sjónlínu gatna.“ og að allar svona ákvarðanir ætti að taka í hverfisskipulagi frekar en við útgáfu stakra byggingarleyfa. Jafnframt finnst ákveðnum aðilum að fyrirhugað skilti gangi beinlínis þvert gegn markmiðum samþykktar um skilti í Reykjavík, en þar segir m.a. í kafla 1.2; Markmið þessarar samþykktar er: 1. Að skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar. 2. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.“ Þá segir jafnframt í kafla 1.3. „að í íbúðarbyggð skulu ekki vera upplýsinga-eða auglýsingaskilti sem hafi truflandi áhrif svo sem vegna stærðar, ljóma eða ásýndar.“

Auk þess eru gerðar athugasemdir við að grenndarkynningin sé ófullnægjandi varðandi framsetningu gagna og hún einungis kynnt íbúum húsa sem næst liggja, en ekki beðið um álit þeirra sem nota Klambratúnið.

Svör við athugasemdum: Varðandi gögnin með grenndarkynningunni þá eru þau að mati byggingarfulltrúa talin uppfylla öll þau skilyrði sem þarf að senda inn varðandi byggingarleyfisumsókn og fylgdu þau með til útsendingar á grenndarkynningu. Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010 felst grenndarkynning í því að skipulagsfulltrúi kynnir nágrönnum sem taldir eru geta átt hagsmuna að gæta byggingarleyfisumsókn og gefur þeim kost á að tjá sig um hana innan tilskilins frests. Um er að ræða auglýsingaskilti sem var staðsett á horni Flókagötu og Lönguhlíðar sem hefur verið tekið niður og lagt til að það verði fært á umræddan stað við Lönguhlíð skv. innsendri byggingarleyfisumsókn.

Umrætt skilti / rekstraraðili þess er Dengsi ehf. sem er rekstraraðili strætóskýla í gegnum samning um götugögn í Reykjavík. Samkvæmt samningi borgarinnar við fyrirtækið er því heimilt að afla tekna gegn rekstri að lágmarki 210 skýla í borginni með allt að 50 auglýsingastöndum. Við ákvörðun um staðsetningar auglýsingastanda setur verktakinn fram ósk um staðsetningu sem er metin með tilliti til borgarhönnunar og umferðaröryggis. Þar sem vinnu við hverfisskipulag er ekki lokið gilda hinar mismunandi deiliskipulagsáætlanir á svæðinu nálægt Klambratúni. Í þessu tilfelli þá er ekki í gildi neitt deiliskipulag fyrir Klambratún og þar af leiðandi þá var lagt til að grenndarkynna byggingarleyfisumsókn þó slíkt hafi mögulega ekki verið þörf á.

Tekið er á umræddum auglýsingastöndum/ skiltum í reglum og samþykkt um skilti í Reykjavík, m.a. hvað varðar glýju, ljóma, birtumagn o.þ.h., og ber rekstraraðila að fara eftir þeim skilyrðum. Byggingarfulltrúi hefur vald til að takmarka, og ef við á, láta fjarlægja auglýsingaskilti sem ekki fara eftir samþykkt um skilti í borgarlandi. Ljósstyrkur á auglýsingaskiltunum fer eftir tíma dags, en hámarksljómi í myrkri er skilgreindur í samþykkt um skilti í Reykjavík.

Að mati Reykjavíkurborgar þá eru hverfandi líkur á ónæði frá auglýsingaskiltinu til íbúa og annarra vegfarenda við Lönguhlíð. Varðandi samþykktina um skilti þá hefur hún verið notuð til viðmiðunar síðustu ár að ákveða hvort og hvernig uppsetning á nýjum skiltum er háttað. Skilti eru hluti af útliti borga og séu þau vel útfærð geta þau aukið á borgarbrag og læsileika borgarinnar. Borgarumhverfi er okkar sameiginlega rými og geta skilti haft mikil áhrif á upplifun þess, því verður að vanda til verka þegar kemur að ákvörðun um fyrirkomulag skilta. Reglunum er skipt upp í almenn ákvæði og ákvæði eftir landnotkunarflokkum og eru reglurnar unnar í samræmi við markmið aðalskipulags Reykjavíkur 2010-2030 og þeim stefnumiðum sem þar koma fram um gæði byggðar. Markmið með reglum og samþykktar um skilti í Reykjavík er:

1. Að skilti séu íbúum borgarinnar ekki til ama eða óþæginda og að þau skerði ekki hönnun mannvirkja, hafi neikvæð áhrif á umhverfi eða skerði ásýnd borgarinnar.
2. Að hafa stjórn á fjölda, gerð, stærð, uppsetningu og staðsetningu skilta í lögsögu Reykjavíkur þannig að þau ógni ekki öryggi vegfarenda.
3. Að auðvelda afgreiðslu byggingarleyfisumsókna um skilti þegar það á við.

Leiðir að markmiðum eru nokkrar t.a.m. öryggi, umhverfi og ásýnd, íbúar, afgreiðsla og lög og reglugerðir. Samþykktin fjallar um skilgreiningar á skiltum og t.a.m. varðandi auglýsingaskilti þá er það hvaða orð, stafur, merki, veggspjald, spjald, tjald, tæki/búnaður eða efni sem sett er upp í því skyni að koma upplýsingum á framfæri. Samþykktin gildi innan lögsögu Reykjavíkur og gildir hún um skilti í borgarlandi og á einkalóðum. Ákveðnar undanþágur eru tilgreindar t.a.m. er varðar auglýsingar innanhúss, umferðamerki, vinnusvæðamerkingar, skilti og auglýsingar á hliðum biðskýla fyrir strætó o.fl.

Samkvæmt 2 kafla (liður e) í samþykkt um skilti í Reykjavík eru skýlin og standarnir sem verið er að sækja um undanþegnir samþykktinni sbr. kemur fram að neðan, nema það sem við kemur birtustigi og hreyfimyndum. Gott samráð þjónstuaðila við samgöngudeild borgarinnar er varðar birtistigið, að það uppfylli kröfur borgarinnar, og hreyfimyndir eru ekki heimilaðar nema með sérstökum undanþágum.

Undanþegin ákvæðum samþykktarinnar eru þó:

- a) Auglýsingar innanhúss. Sé um að ræða skilti sem sannarlega veldur grenndaráhrifum á aðliggjandi byggð, s.s. rafrænt auglýsingaskilti, getur byggingarfulltrúi krafist þess að það sér fjarlægt.
- b) Auglýsingar sem eru órjúfanlegur hluti af hönnun byggingar.
- c) Umferðamerki.
- d) Vinnusvæðamerkingar, sjá reglur um vinnusvæðamerkingar.
- e) Skilti og auglýsingar á hliðar biðskýla fyrir almenningsamgöngur á vegum borgarinnar ásamt auglýsingastöndum skv. samningi borgarinnar um biðskýli í borginni; fristandandi skilti sem leiðbeina í átt að biðskýlum; fristandandi skilti sem veita upplýsingar um leiðarkerfi almenningsamgangna í rauntíma.

Skilti sem eru undanþegin reglum þessum skulu engu að síður taka mið af ákvæðum reglanna varðandi birtustig, sjá umfjöllun fyrir neðan.

Niðurstaða

Lagt er til að grenndarkynnt tillaga fyrir auglýsingaskilti við Lönguhlíð verði samþykkt óbreytt með vísan til þeirra svara sem koma fram hér í umsögn skipulagsfulltrúa. Auglýsingaskiltið er í raun undanþegið ákvæði reglanna um skilti í Reykjavík og er hluti af samningi borgarinnar við rekstraraðila um allt að 50 auglýsingaskiltum/ stöndum víðs vegar um borgina.

Varðandi staðsetninguna á þessu skilti þá sem fyrr segir er það mat Reykjavíkurborgar að það séu hverfandi líkur á ónæði frá auglýsingaskiltinu til íbúa og annarra vegfarenda við Lönguhlíð.

f.h umhverfis- og skipulagssviðs
skipulagsfulltrúa, /**Björn I. Edvardsson, Erna Hrönn Geirsdóttir**